



Nefndarsvið Alþingis

Búðardal, 29. apríl 2021

Mál.nr. 2101001

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfið).

Vísað til tölvupósts dags. 15. apríl 2021. Erindið var tekið fyrir á 266. fundi byggðarráðs Dalabyggðar 29. apríl 2021.

Dalabyggð vill benda sérstaklega á tvö atriði í frumvarpinu sem sveitarfélagið telur að þurfí að gera breytingar á.

Innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélagi verði heimilt að ákveða fast gjald vegna þjónustunnar á hverja fasteignareiningu allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins. Mögulegt er að þetta hlutfall eigi við í þéttbýli en svo er hins vegar alls ekki á dreifbýlum svæðum eins og Dalabyggð. Í sveitarfélagini eru mörg frístundahús og, einkum í dreifbýlinu, hús þar sem ekki er föst búseta. Þessum húsum verður ekki þjónað öðruvísi en með grenndarstöðvum og þar er ekki hægt að vera með gjaldtöku nema að manna stöðvarnar en því myndi fylgja mikill kostnaður. Einnig er fastur kostnaður við söfnun úrgangs hár þar sem það er stórt landsvæði sem tæki/bifreiðar þurfa að fara yfir. Í stað þess að kveða á um að hámarks hlutfall sé 25% væri betra að sveitarfélög fengu heimild til að ákveða gjaldtöku vegna kostnaðar án þess að á það væri sett hámark a.m.k. vegna söfnunar úrgangs utan þéttbýlis. Í þéttbýli mætti síðan miða við 50%.

Gildistími.

Of snemmt er að lögini taki gildi 1. janúar 2022. Sveitarfélagið Dalabyggð er nýlega búið að bjóða út og gera samning við verktaka um meðhöndlun úrgangs til þriggja ára (til ársloka 2023) með möguleika á tveggja ára framlengingu. Gera þarf ráð fyrir sveigjanleika fyrir sveitarfélög varðandi gildistöku þannig að þau geti sótt um og fengið frest á innleiðingu breytinga á meðhöndlun úrgangs í tiltekin tíma séu ákveðnar forsendur s.s. vegna samninga til staðar.

Virðingarfyllst.

f.h. Dalabyggðar


Kristján Sturluson
sveitarstjóri

